

Læknanemar í Ungverjalandi

# Íslenska nýlendan í Debrecen

Útrás nýnema í læknánám erlendis er ekki beinlínis ný bóla en fjöldinn hefur þó farið vaxandi undanfarin ár og nú er verulegur fjöldi íslenskra læknanema í grunnnámi læknisfræði við erlenda háskóla. Lauslega áætlað er fjöldi þeirra nálægt 200, þar af um 100 í Danmörku og ríflega 40 í Debrecen í Ungverjalandi. Síðan eru læknanemar dreifðir á háskóla í Svíþjóð, Þýskalandi og víðar þó ekki hafi Læknablaðið lagst í rannsóknir á því.

Við Alþjóðlega læknaháskólann í Debrecen í Ungverjalandi hefur á örfáum árum orðið til eins konar nýlenda íslenskra læknanema en þar stunduðu 34 nemendur nám í læknisfræði síðastliðinn vetur og í haust bætast allnokkrir nýnemar við svo heildarfjöldinn fer væntanlega vel yfir 40 sem hefur þar nám í haust.

Nokkrir læknar hafa þegar útskrifast með kandidateit próf frá Debrecen og hafið störf hér heima enda er námið fyllilega sambærilegt og stenst allar kröfur sem gerðar eru hérlendis um nám í læknisfræði.

Daði Jónsson og Björg Ólafsdóttir eru bæði á lokaspretti læknánámsins í Debrecen og stefna á útskrift á næsta ári.

„Ég fór tvisvar í klásus hér heima og fékk þokkalega háar einkunnir þó ég kæmist ekki inn en svo fór mig líka að langa til að fara út og byrjaði á því að athuga með nám í Danmörku og rakst þá á upplýsingar um námið í Debrecen. Mér leist ekkert sérstaklega á þetta í fyrstu en þegar ég fór að athuga það betur leist mér æ betur á og það varð úr að ég sótti um og komst inn. Eitt af því sem sannfærði mig var að ég sá að þessi skóli fékk háa einkunn hjá Bandaríkjamönnum en þeir hafa flokkað skóla sem kenna á ensku utan Bandaríkjanna,” segir Daði.

## Allt námið á ensku

Að sögn Daða skiptist læknadeildin í Debrecen í rauninni í tvennt, annars vegar ungerska deild og hins vegar alþjóðlega deild þar sem öll kennsla fer fram á ensku. Daði segir að þrátt fyrir að öll kennslan sé á ensku og hægt sé að fara í gegnum námið án þess að læra ungersku að nokkru ráði þá sé kunnátta í henni nauðsynleg til að geta nýtt sér klíniska hluta námsins.

Undir þetta tekur Björg og bætir því við að

læknanemarnir þurfi að taka próf í ungersku í lok þriðja ársins, einmitt áður en klíníski hluti námsins hefst, til þess að þeir geti tekið viðtöl við sjúklinga og kynnt sér sjúkrasögu þeirra. Þau segja bæði að kunnátta þeirra í ungersku sé á vissan hátt takmörkuð við læknisfræði. „Ég get tekið viðtal við sjúkling og skráð sögu hans en ég ætti í erfiðleikum með að ræða stjórnsmál við Ungverja,” segir Björg hlæjandi. „En ungerska er tungumál sem ekki líkist neinu öðru í Evrópu nema sumir segja að það sé skylt finnsku. Það er þó mjög langsóttur skyldleiki, eða álíka mikill og er á milli íslensku og grísku sagði mér finnskur málvísindamaður,” segir Daði og bætir því við að Finnarnir eigi ekkert auðveldara en aðrir með að læra ungerskuna nema ef vera skyldi að þeir væru fljótari að ná framburðinum.

Læknánámið í Debrecen er að sögn þeirra Bjargar og Daða byggt upp á þann hátt að fyrstu tvö árin eru algjörlega pre-klínísk, þriðja árið er blanda af pre-klíník og klíník, fjórða og fimmta árið eru algjörlega klínísk og sjötta árið er eins konar blanda af klíník og kandidateitárinu eins og tíðkast í læknánáminu við HÍ. „Þetta er því í rauninni ári styttra ef kandidateitárið er talið með í íslenska náminu og við megum taka hluta af sjötta árinu heima á Íslandi og þannig getur maður stýtt viðveruna í Ungverjalandi enn frekar. Ég gat þar að auki skipt algjörlega á fimmta árinu og hef verið við læknadeildina í HÍ í vetur og er nú að fara út til að byrja sjötta og síðasta árið,” segir Daði.

## Ætlaði í framhaldsnám í líffræði

Björg segist hafa dottið inn í læknánámið í Debrecen fyrir hálfgerða tilviljun. „Ég tók BS próf í líffræði fyrir allmörgum árum í HÍ og starfaði síðan hjá Íslenskri erfðagreiningu í tvö ár við rannsóknir á því sviði. Síðan langaði mig til að breyta til og niðurstaðan varð sú að ég fór til Debrecen í mastersnám í líffræði. Þegar þangað var komið leist mér hins vegar svo vel á læknánámið að ég breytti um stefnu og hóf nám við læknadeildina og er nú komin á sjötta og síðasta árið í því námi. Ég sé alls ekki eftir því. Þetta var kannski ekki algjör tilviljun því ég var alltaf mest heilluð af því sem sneri að mannlíkamanum í líffræðinni. Ég fékk líka ákveðnar greinar í líffræðináminu metnar og fór beint inn á annað árið.”

Hávar  
Sigurjónsson



Björgu Ólafsdóttur leist svo vel á læknanámið að hún skipti um grein.



„Gott að geta tekið hluta af klíniska náminu heima á Íslandi,” segir Daði Jónsson.

Þau stefna bæði á útskrift á næsta ári en segja að skólinn gefi reyndar talsvert svigrúm hvernig haga skuli námslokum. „Það mega líða allt að því tvö ár og maður getur unnið á deildum og gert ýmislegt áður en maður útskrifast ef það er eitthvað sem hentar manni betur,” segir Daði.

Þau segja að íslenskum læknanemum hafi fjölgað hratt á þeim árum sem þau hafa verið í námi í Debrecen. „Það voru sex byrjaðir hér á undan mér fyrir fimm árum,” segir Daði og bætir því við að þau hafi verið fimm sem byrjuðu samtímis. „Af þeim eru þrír eftir þannig að Íslendingarnir eru að standa sig nokkuð vel. Hér í alþjóðlegu deildinni eru að byrja um 180 manns og árlega útskrifast á milli 50-60.“

#### Um 1500 læknanemar í tveimur deildum

Læknaháskólinn í Debrecen er sannarlega stór í sniðum því ef lagt er saman þá eru um 1500 læknanemar þar á hverjum tíma þó alþjóðlega deildin og sú ungverska séu algerlega aðskildar. „Hér eru síðan tvö sjúkrahús og hið minna þeirra er háskólasjúkrahúsið og það er um það bil tvöfalt stærra en Landspítalinn. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að þegar læknanemarnir eru svo margir þá eru tækifærin í klíniska hluta námsins ekki eins mörg og fjölbreytt og heima á Íslandi. Það getur því komið mjög vel út að fara heim sem skiptinemi þegar komið er út í klíníkina,” segir Daði.

Hann segir að tæknilega sé háskólasjúkrahúsið í Debrecen mjög vel útbúið og standist fyllilega samanburð við Landspítalann. „Á sumum sviðum er tækjakosturinn jafnvel betri. Aðbúnaður sjúklunga er hins vegar langt á eftir, og er líklega svipaður því að tíðkaðist heima fyrir hálfri öld. Til þessa hafa yfirvöld spítalans nýtt allt fjármagn sem fengist hefur við inngöngu Ungverjalands í Evrópusambandið til tækjakaupa en þetta stendur nú líklega til bóta.”

Björg segist ekki hafa ákveðið hvaða sérnám hún leggi fyrir sig. „Ég hef alltaf mestan áhuga á því sem ég er að gera hverju sinni þannig að valið er erfitt,” segir hún. „Ég stefni þó á að fara til Englands og vinna þar í einhvern tíma eftir útskriftina og síðan verður framhaldið bara að koma í ljós.”

Daði kveðst hafa ætlað að gera samanburð á námi í Bretlandi og Bandaríkjunum og taka sitt hvorn mánuðinn þar á deild. „En þegar ég komst að því að ég þyrfti að taka út einnar milljónar dollara tryggingu gegn hugsanlegum mistökum í starfi þá hætti ég við Bandaríkin og verð í staðinn í tvo mánuði í vetur á bráðadeild St. Thomas sjúkrahússins í London sem verður hluti af sjötta árinu mínu. Ef mér líkar vel þá getur vel verið að ég taki sérnámið þar líka.”